

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar – Skipagata 12.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 15. október 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Skipagötu 12.

Breytingin felur í sér að nýtingarhlutfall er hækkað, byggingarreitur er stækkaður til vesturs og norðurs og á 2. og 3. hæð verði heimilt að byggja svalir 1,75 m út fyrir byggingarreit til austurs yfir Skipagötu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 4. desember 2019,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2019